

GJALDSKRÁ

fyrir hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði.

1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund á þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. b-stafl. 2. gr. 1. kafla samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði skal vera kr. 10.920. Gjald greiðist á gjalddaga 1. maí en eindagi er 30. maí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött á þéttbýlisstöðum í Sveitarfélaginu Skagafirði, sbr. b-stafl. 6. gr. 2. kafla samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði skal vera kr. 7.643. Gjald greiðist á gjalddaga 1. júlí en eindagi er 30. júlí ár hvert.

Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, örmerking auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

3. gr.

Við afskráningu hunds eða kattar ber að endurgreiða árlegt leyfisgjald í réttu hlutfalli við þá mánuði, sem eftir eru af árinu.

4. gr.

Handsömunargjald, skv. 4. gr. 1. kafla samþykktar um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði, skal vera kr. 10.920 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 21.840 ef til handsömunar kemur aftur. Að auki skal greiða þann kostnað, sem leggst á vegna dvalar eða geymslu viðkomandi hunds/kattar. Handsömunargjald skal greiða við afhendingu hunds/kattar. Óskráða hunda/ketti má ekki afhenda fyrr en að lokinni skráningu og greiðslu skráningargjalds.

5. gr.

Hafi leyfishafi lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Sveitarfélaginu Skagafirði lækka gjöldin skv. 1. gr. gjaldskrár þessarar um 30%.

Skilgreining á því að leitarhundur sé undanþeginn leyfisgjaldi er að viðkomandi hundur hafi að minnsta kosti B viðurkenningu útgefna af viðurkenndum leiðbeinanda og skal ljósrit af viðurkenningu afhendast við umsókn um niðurfellingu leyfisgjalda. Heimilt er að ógilda niðurfellingu leyfisgjalda sé viðkomandi hundur ekki lengur á skrá sem leitarhundur samkvæmt skilgreiningu þessari.

6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr.

7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 23. nóvember 2016 með vísun til heimilda í samþykktum um hunda- og kattahald í Sveitarfélaginu Skagafirði nr. 783/2010 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og tekur nú þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1209/2015.

Sauðárkróki, 24. nóvember 2016.

Ásta B. Pálmadóttir sveitarstjóri.